

að. Stefndi, Eggert Claessen, f. h. Minningar-  
sjóðs hjónanna Jóhanns Jóhannessonar og Sigur-  
bjargar Guðnadóttur, greiði áfrýjanda, frú Mar-  
gréti Árnason, í málskostnað 40 kr.

Dóminum skal fullnægja innan 8 vikna frá  
löglegri birtingu hans, að viðlagðri laga-aðför.

Mánudaginn 10. apríl 1916.

Nr. 6/1916.

Sveinn Björnsson fyrir hönd  
Guðmundar Sigurðssonar o. fl.  
gegn  
E. Morthens,  
Ásgeiri Sigurðssyni o. fl.

#### D ó m u r:

Mál þetta höfðaði Sveinn Björnsson yfirréttar-  
málaflutningsmaður, fyrir sjóðómi Reykjavíkur, sam-  
kvæmt umboði Guðmundar Sigurðssonar, skipstjóra á  
mótorskipinu »Reaper«, fyrir skipstjóra sjálfan og  
aðra skipverja, er voru við síldveiðar á nefndu skipi  
frá júlí til september 1914, gegn E. Morthens út-  
gerðarmanni skipsins, til greiðslu á ógoldnu kaupi  
skipshafnarinnar, samtals 690 kr. 48 aur., svo og  
gegn eigendum skipsins, Ásgeiri Sigurðssyni konsúl,  
O. Ellingsen skipstjóra og Tryggva Gunnarssyni  
bankastjóra, til að fá viðurkendan með dómi veð-  
rétt í skipinu fyrir kaupkröfum samkvæmt 236. gr.

2. tölulið siglingalaganna 22. nóv. 1913. Málið var dæmt í nefndum rétti 27. des. f. á. á þá leið, að E. Morthens skyldi greiða Guðmundi Sigurðssyni 281 kr. 40 au. með 6<sup>o</sup>/<sub>o</sub> ársvöxtum frá 1. okt. 1914 til greiðsludags, og skyldi stefnanda (Guðmundi Sigurðssyni) vera heimilt að láta selja skipið »Reaper«, að undangengnu fjárnámi, til lúkningar ídæmdri upphæð, með kostnaði við aðför og uppboð, en málskostnaður skyldi falla niður. — Þessum dómi hefir nefndur yfirréttarmálaflutningsmaður, fyrir hönd skipshafnarinnar á »Reaper«, Guðmundar Sigurðssonar skipstjóra, Valdemars Bjarnasonar stýrimanns, Péturs Ásbjarnarsonar matsveins, og hásetanna Ingva Jónssonar, Gunnars Kristóferssonar, Elíasar Pálssonar, Jóhanns Jónssonar, Hjartar Kristjánssonar, Jóns Runólfssonar og Egils Jónssonar, skotið til yfirdómsins með stefnu, útgefinni 21. jan. þ. á., og krafist þess að dómnum verði breytt þannig, að allar kröfur hans fyrir sjódómnum verði teknar til greina og að honum verði dæmdur málskostnaður fyrir báðum réttum, eftir mati yfirdómsins.

Stefndi E. Morthens hefir eigi komið í yfirdóminn eða haldið þar uppi vörn, og enginn af hans hendi, en fyrir hönd eigenda skipsins »Reaper« hefir þess verið krafist að málinu verði vísað frá rétti, og þeim dæmdur hæfilegur málskostnaður fyrir undirrétti og yfirdómi. Fyrir þessari kröfu er talin sú ástæða, að í þessu máli sé steypt saman kröfum margra manna, er engin lög séu til, svo að óhjákvæmilegt sé að vísa málinu frá dómi.

Skipshöfnin á »Reaper« var lögskráð í skiprúm

á nefnt skip 21. júlí 1914, til sildveiða við norðanvert Ísland, og með samningi dags. sama dag við stefnda E. Morthens réði áfrýjandi Guðmundur Sigurðsson sig skipstjóra á skipið í sömu ferð. Var það í samningnum ákveðið, að skipstjóri skyldi hafa rétt (dispositionsrétt) yfir þeim hluta af afla skipsins, er honum bæri eftir samningum, svo og þeim hluta aflans, er hásetarnir íslenzku ættu að hafa, að skipstjórinn hefði rétt til að kvitta fyrir hönd allrar hinnar íslenzku skipshafnar fyrir greiðslu kaupsins, er henni bæri, og að skipstjóri hefði heimild til, ef samningurinn yrði eigi haldinn, að leggja löghald á svo mikinn hluta af afla skipsins, sem nægði til greiðslu á þeim hluta aflans, er hann og hinir íslenzku hásetar (áfrýjendur) ættu. Skipshöfnin skrifaði eigi undir þennan samning, og var svo álitíð af sjódominum, að því er ætla verður með réttu, að skipstjórann hafi brostið umboð til þessarar málssóknar, og að samningarnir væri í því efni eigi næg heimild. Var því enginn dómur lagður á kröfu áfrýjendanna, annara en skipstjórans, fyrir undirréttinum. En fyrir yfirdóminum hefir komið fram umboð handa fyrnefndum málaflutningsmanni, til að flytja málið fyrir hönd allra áfrýjendanna.

Þó að skipshöfnin væri lögskráð og skipstjórinn ráðinn sama dag á skipið »Reaper« og til sömu ferðar, verður eigi litið svo á, að við það hafi skapast efnissamband eða svo vaxið sambengi milli krafa áfrýjendanna, er geri þeim það heimilt, samkvæmt konungsbréfi 3. janúar 1755, að sækja stefndu allir í senn með einni málsókn til að fullnægja kröfunum.

og í því efni verður það ekki heldur talið neinu skifta, þó að áfrýjendurnir hafi falið sama manni að sækja málið. Málshöfðunin verður því að teljast ólögleg, og með því að þess hefir eigi verið krafist til vara að dómur verði lagður á neina einstaka af hinum umstefndu kröfum fremur en aðra, verður ex officio að fella úr gildi undirréttardóminn og vísa málinu í heild sinni frá sjódóminum. — Málskostnaður fyrir nefndum rétti falli niður.

Málskostnaður fyrir yfirdómi þykir rétt að áfrýjendurnir, einn fyrir alla og allir fyrir einn, greiði hinum stefndu eigendum skipsins »Reaper« og ákveðst hann 20 kr.

#### Því dæmist rétt vera:

Undirréttardómurinn er úr gildi feldur og vísað máli þessu frá sjódóminum. Málskostnaður fyrir sjódóminum falli niður. Áfrýjendurnir Guðmundur Sigurðsson, Valdemar Bjarnason, Pétur Ásbjörnsson, Ingi Jónsson, Gunnar Kristófersson, Elías Pálsson, Jóhann Jónsson, Hjörtur Kristjánsson, Jón Runólfsson og Egill Jónsson greiði einn fyrir alla og allir fyrir einn hinum stefndu, Ásgeiri Sigurðssyni, O. Ellingsen og Tryggva Gunnarssyni 20 kr. í málskostnað fyrir yfirdómi áður en liðnar séu 8 vikur frá löglegri birtingu dóms þessa að viðlagðri lagaðför.